Ed. **220. Lög**

um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóvember 1913.

(Afgreidd frá Ed. 24. júlí).

Sú undanþága veitist frá ákvæðum 1. gr. siglingalaga frá 22. nóvember 1913, að í stjórn hlutafjelagsins »Eimskipafjelag Íslands« í Reykjavík, sem stofnað var 17. janúar 1914, megi tveir af sjö mönnum í stjórn fjelagsins vera Íslendingar búsettir í Vesturheimi, þótt eigi fullnægi þeir skilyrðum fyrri hluta tjeðrar greinar.